

101. STJÓRNARFUNDUR KRAFT

23. MAÍ 2019 KL 17:00



Mættir: Gry Ek – Formaður
Þórunn Lilja Vilbergsdóttir – varaformaður
Inga María Henningsdóttir – ritari
Aron Friðrik Georgsson - meðstjórnandi
Guðbrandur Sigurðsson – meðstjórnandi
Auðunn Jónsson – meðstjórnandi
Fjarverandi: Alex Cambray Orrasson – gjaldkeri

Dagskrá: 1. Fundargerð seinasta fundar
2. Skýrsla frá EM
3. Mótanefnd- prókúran- landsliðsnefnd- me too og lyfjaeftirlitið
4. Starfsmannamál- ráðning Auðuns, nýr bókarari
5. Aukaþing IPF- afstaða Íslands-
6. Afrekssjóður og styrkjamálin – samningar við afreksmenn
7. Fjáröflun
8. Þjálfaranám 1 og 2 í haust
9. Landsliðsbúningar
10. Umfjöllun um aðildafélög
11. Önnur mál
12. Ákveða næsta fund

Gry setti 101. Stjórnafund kraft kl 17:00.

1. Fundargerð seinasta fundar:

Fundargerð seinasta fundar var samþykkt með nokkrum breytingum. Inga María lagaði fundargerðina og uppfærð fundargerð hefur verið send á stjórnamedlimi.

2. Skýrsla frá EM:

Auðunn skilar skýrslu frá EM. Auðunn segir að ferðin hafi gengið mjög vel og að það hafi verið góður andi í ferðinni. Ása Ólafsdóttir tók alþjóðlegt dómaraþróf og stóð sig með þryði.

Íslendingar komu heim með 13 verðlaun og fagnar stjórnin árangri íslenskra keppenda.

3. Mótanefnd - prókúran- landsliðsnefnd- me too og lyfjaeftirlitið:

Einar Örn frá Akranesi er komin í mótanefnd.

Þar sem Auðunn er orðinn íþróttastjóri er hann ekki lengur í landsliðsnefnd og vantar meðlim í hans stað. Stjórn þarf að íhuga möguleika af nýjum meðlim í hans stað.

Aron setur me too á síðuna.

101. Stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands.

4. Starfsmannamál:

Auðunn hefur verið ráðinn íþróttastjóri frá 15. Maí til 1. Desember.

5. Aukaþing IPF:

Aron fer til Svíþjóðar sem aðstoðamaður Halldórs á HM í klassískum kraftlyftingum. Hann situr Aukaþing IPF fyrir hönd stjórnar í leiðinni. Stjórnin er sammála að Aron fari út fyrir hönd okkar.

6. Afrekssjóður og styrkjamálin:

Afrekssjóður hefur dregið af okkur rúma milljón frá því í fyrra þar sem við nýttum ekki því sem okkur var úthlutað.

Stjórn þarf að setjast niður og ræða afreksstefnu, styrktarmál og samninga við keppendur. Ákveðið var að hittast n.k sunnudag, 26. Maí kl 13:30 og ræða betur þessi mál.

7. Fjáröflun:

Guðbrandur ætlar að setja saman lista yfir 300 tekjuhæðstu fyrirtækin á Íslandi í dag. Stefnan er svo að reyna að fara í heimsókn í 20 af þeim lista. Stjórnin vill ná að minnsta kosti 1 aðalstyrktaraðila og 2-3 minni styrktaraðilum. Guðbrandur kemur með lista á næsta fund, núna á sunnudaginn. Þórunn ætlar að fara yfir skjal sem Guðbrandur setti saman um starfsemi kraftlyftingasambandsins til þess að fara með í þessi fyrirtæki.

8. Þjálfaranám 1 og 2 í haust:

Stjórnin var sammála því að bjóða ætti upp á kraftlyftingaþjálfara 1 í haust. Gry ætlar að setja upp námskeiðið og kom upp sú hugmynd að fá eitthvern reyndan til þess að aðstoða til með það. Það þyrfti að finna þjálfara til þess að kenna þetta námskeið.

Stjórnin vill bjóða þeim sem hafa nú þegar klárað þjálfara 1 og almenna hluta þjálfara 2 hjá ÍSÍ að fara út og sækja kraftlyftingaþjálfara 2 hjá IPF og bjóða þeim þá styrk fyrir þeirri ferð.

Aron má setja á netið að ÍSÍ sé að bjóða upp á Fjarnám í almenna hlutanum 1 og 2 sem hefst 18. Júní nk. Einskaklingar sem vilja komast á kraftlyftingaþjálfara 1 þurfa að klára þetta námskeið til að komast á námskeiðið í haust.

9. Landsliðsbúningar:

Stjórnin ræddi um hver ætti landsliðsbúningana og hverjir ekki. Stjórnin var sammála því að A og B keppendur fá úthlutaðan 1 búning og eiga þann búning. Ef þeir týna honum eða skemma ber þeim að kaupa sér nýjan búning. Aðrir keppendur fá landsliðsbúningin að láni frá Kraft. Lára sér um að ná í þá búninga til baka.

Ef keppendur vilja geta þeir keypt landsliðsbúninga.

10. Umfjöllun um aðildafélög:

Stjórnin var sammála að halda mætti áfram að skrifa greinar um aðildafélög á síðuna. Formaður stakk uppá að Inga María myndi skrifa þessar greinar. Inga María var falið að taka að sér og ætlar Gry að senda henni gögn svo hún gæti skrifað fyrstu umfjöllunina. Fyrsta umfjöllunin hennar yrði þá um Massa.

101. Stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands.

11. Önnur mál:

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) hefur verið brottvikið úr bandalaginu. Ástæðan er sú að þeir skiluðu ekki inn skýrslu.

12. Næsti fundur:

Næsti fundur verður haldinn sunnudaginn 26. Maí kl 13:30 í Sundagarði 6.

Fundi lokið 18:30

Ritari – Inga María Henningsdóttir